

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík og Kópavogi.

Fossvogsdalur, deiliskipulag Fossvogsmýrar, Fossvogsdals í Reykjavík og Kópavogi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 27. febrúar og borgarráð Reykjavíkur þann 10. apríl 2001, deiliskipulag sem tekur til hluta Fossvogsdals. Nánar tiltekið afmarkast deiliskipulagssvæðið af íbúðabyggð í Kópavogi og Reykjavík, Hermannsskógi í vestur og íþróttasvæði H.K. í austur.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. júní 2001.

Porvaldur S. Porvaldsson,
skipulagsstjóri Reykjavíkur.

Birgir Sigurðsson,
skipulagsstjóri Kópavogsbæjar.

14. júní 2001

Nr. 484

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um innflutning og heilðsöludreifingu lyfja nr. 699/1996.

1. gr.

Í öllum tilvikum, þar sem minnst er á „Lyfjaeftirlit ríkisins“ og „Lyfjanefnd“ í reglugerðinni, skal því breytt í „Lyfjastofnun“.

2. gr.

Ný mgr., sem verður 2. mgr. bætist við 34. gr.

Takmarkanir á sölu lyfja skv. ákvæðum 1) – 6) tl. þessarar greinar eiga ekki við um náttúruylf og hómopatalyf (smáskammtalyf), nema Lyfjastofnun ákveði annað.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

F. h. r.
Davíð Á. Gunnarsson.

Ingolf J. Petersen.